

24. apríl 2017 kl: 17:00



## Stjórnarfundur Foreldrafélags Giljaskóla.

Mættir: Berglind Bergvinsdóttir, Elín Eyjólfsdóttir, Guðbjörg Björnsdóttir, Ásrún Hersteinsdóttir og Birna Baldursdóttir. Fjarverandi: Ingunn Ósk Svavarsdóttir

Mál sem tekin voru til umræðu:

1. **Leikhópurinn Lotta.** Kemur 3. maí og sýnir yngsta stigi leiksýningu.
2. **Gjafir fyrir verðandi 1. bekk.** Kaupa gjafir fyrir 42 nemendur. Hafa blýant, vatnsliti, strokleður og yddara sem dæmi í pakkanum. Ásrún ætlar að kaupa gjafirnar. Fulltrúi úr stjórninni ætlar að koma á fundinn sem verður í maí með verðandi foreldrum og nemendum í fyrsta bekk og kynna félagið.
3. **Fótboltar.** Ella kannar fótboltastöðuna. Foreldrafélagið kemur til með að kaupa einhverja bolta í vor fyrir nemendur.
4. **Aðalfundur foreldrafélagsins.** Aðalfundur foreldrafélags Giljaskóla verður haldinn þriðjudaginn 23. maí klukkan 19:30. Ella útbýr auglýsingu og sendir út til foreldra. Guðbjörg og Ásrún græja glærurnar og senda á milli stjórnar fyrir fund.
5. **Frétt varðandi foreldraröltið.** Birna og Ella útbúa texta til að setja á heimasíðu skólans. Við erum ákaflega stolt af fyrirkomulagi foreldraröltisins og hversu vel það gengur.
6. **Símareglur.** Ákveðið að heyra í stjórnarmeðlimum í öðrum foreldrafélögum og kanna vilja fyrir því að standa saman í þeirri áskorun að skólar bæjarins setji sér takmörk og skýrar reglur hvað símanotkun nemenda varðar í skólum. Best væri ef allir skólar bæjarins væru samtaka í því.

Fundaritari: Berglind Bergvinsdóttir